

Fundargerð 117. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 26. apríl 2022 kl. 14:00-15:30.
Haldinn í fjarfundi og Skipholti 50b.

Boðuð: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir varaformaður, Eyrún Björk Valsdóttir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Eva Margrét Kristinsdóttir, Magnús Ingvarsson.

Gestur: Ingunn Hauksdóttir, lögg. endurskoðandi EY, Elín Lárusdóttir frá EY

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. **Fundargerð síðasta fundar** (fskj. 01. Fundarg. 116. fundar)
Afgreiðsla: Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Fundargerðin verður send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.
2. **Ársreikningur lagður fram.** Undirritun ef ekki eru athugasemdir (fskj. 02. Ársreikningur FA)
Ingunn Hauksdóttir, endurskoðandi hjá EY fór yfir reikninginn. Ekki komu fram athugasemdir.
Afgreiðsla: Reikningurinn var undirritaður rafrænt. Reikningurinn verður sendur stjórnarmönnum og birtur á síðu sjóðsins á vef FA.
3. **Túlkaþjónusta – Erindi frá Kvasir – framhald frá síðasta fundi (fskj. 03)**
Á síðasta fundi var FA falið að kanna þörfina fyrir túlkaþjónustu meðal fræðsluaðila. Lögð var fram samantekt á svörum fræðsluaðila og tillaga FA um breytingu á verði túlkaþjónustu.
Afgreiðsla: Samþykkt að hækka framlag til túlkunar í 7.500 pr. klst. Þá eru fyrirtæki og fræðsluaðilar hvattir til að kanna möguleika um styrki til túlkunar hjá starfsmenntasjóðum stéttarfélaganna.
Þessi er ekki fordæmisgefandi fyrir breytingar á verðlista Fræðslusjóðs, hvorki fyrir yfirstandandi ár eða síðar.
4. **Erindi frá samstarfsaðilum:**
 - a. **SÍMEY – flutningur milli flokka (fskj. 04.a SÍMEY flutt milli flokka)**
Afgreiðsla: Samþykkt.
 - b. **Símenntun Vesturlands – Ósk um breytingu á framlagi til raunfærnimats (fskj. 04b Vesturland v. RFM)**
Afgreiðsla: Samþykkt.
5. **Önnur mál**
 - a. **Uppgjör Nám er tækifæri – VMST greiði fyrir námsleiðir að fullu þrátt fyrir brottfall**
Leitað var til VMST vegna fyrirspurnar fræðsluaðila um hvort VMST greiddi kostnað við námsleiðir í verkefninu Nám er tækifæri, þó fella yrði námsleiðina

niður þar sem þátttakendur væri komnir í störf. Fellst VMST á það geri stjórn Fræðslusjóðs ekki athugasemd við það.

Afgreiðsla: Samþykkt, enda hefur þetta ekki áhrif á Skilmála og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs og þar með uppgjör hans. Það verður óbreytt.